

Ed.

768. Frumvarp til laga

[231. mál]

um Alþýðubankann h.f.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 634 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutfé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum króna. Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutfé að fjárhæð 40 milljónum króna.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

Innan níu mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi skal boðað til stofnfundar hlutfélagsins.